

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	23.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Vígús Þór Hróbjartsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfi urðunarstaðar Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk og skoðun framkvæmd á norður og suðursvæði. Engin frávik voru skráð en athugasemd gerð við að skráningar eru í lágmarki og ekki að öllu leyti í samræmi við ákvæði 5.1 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Við eftirlit var fyrst haldin fundur þar sem farið var yfir helstu ákvæði starfsleyfis og þau gögn sem lágu fyrir. Skv. upplýsingum um magn úrgangs sem skilað hefur verið til Umhverfisstofnunar var ekki tekið á mótí neinum úrgangi á árinu 2015. Viðbragðs og neyðaráætlun liggja fyrir. Engar kvartanir hafa borist vegna staðarins og engin óhöpp orðið. Rætt var um skráningar og skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar

Farið var í skoðun, bæði á norður og suðursvæði. Voru athafnasvæði snyrtileg og bæði voru girt með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Læsanleg hlið eru við bæði svæði. Á norðursvæði voru nokkrir jarðvegshaugar og lítilsháttar magn af garðaúrgangi. Í sveitarfélaginu er unnið að því að finna farveg fyrir garðaúrgang og hugmyndir uppi um að óska eftir breytingu á starfsleyfi þar sem norðursvæði yrði lokað en heimilt að meðhöndla fleiri tegundir sunnan svæðis þ.á.m. garðaúrgang. Hvatt er til þess að sveitarfélagið sendi upplýsingar um þessar breytingar sem fyrst til Umhverfisstofnunar sem svo metur hvort þörf sé á breytingu eða nýju starfsleyfi.

Viðstaddir eftirlit voru Vígús Þór Hróbjartsson og Ögmundur Ólafsson

ATHUGASEMDIR

Upplýsingar um innra eftirlit skv. grein 5.1 í starfsleyfi eru ekki skráðar með reglubundnum hætti en upplýsingar um magn og tegundir úrgangs eru sendar til Umhverfisstofnunar árlega. Skila skal upplýsingum um allar skráningar skv. grein 5.1 árlega til stofnunarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.09.2016

Sigríður Kristjánsdóttir